

SAMNINGUR

Sambands íslenskra sveitarfélaga og Íslenska fæðuklasans ehf

Samband íslenskra sveitarfélaga kt. **xxx**, í samningi þessum nefndur **bakhjarl**, og Íslenski fæðuklasinn ehf. kt. 511223-0910, í samningi þessum nefndur **klasinn**, gera með sér eftirfarandi samning um samstarf:

1. Inngangur

Íslenski fæðuklasinn ehf. (á ensku Icelandic Food Cluster), tekur til hvers kyns fæðu í landbúnaði og fæðutengdrar starfsemi; ræktunar, framleiðslu og vinnslu, en einnig sölu og neyslu. Áhersla er lögð á frumkvöðla- og sprotastarfsemi og nýsköpun á öllum sviðum virðis_keðjunnar. Klasinn er vettvangur þverfaglegs samstarfs fyrirtækja með tengsl við frumkvöðla og þátttöku í verðmætaskapandi samstarfsverkefnum í fyrirrúmi. Samstarfið á m.a. að stuðla að styrkingu byggða.

Helstu markmið klasans eru eftirfarandi:

- Að mæta fyrirbyggjandi þörf fyrir hvetjandi umhverfi í landbúnaði og fæðutengdri starfsemi
- Að þjóna sem miðstöð ráðgjafar, greininga og stuðnings sem einnig geti tengt aðila saman
- Að styðja við frumkvöðlastarf og nýsköpun, m.a. með því að nýta mannauð og fjölþætta reynslu
- Að auka samkeppnishæfni, framleiðslu, verðmætasköpun og vöxt
- Að draga úr vistspori fæðuframleiðslu með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi
- Að gefa aðilum kost á öðrum ávinningi, svo sem ráðstefnu- og vinnustofuhaldi, þátttöku í vinnustofum, innlendu og alþjóðlegu tengslaneti, tilraunastofum/verkstæðum, viðburðum og kynningum í fjölmiðlum, á heimasíðum og í heimsóknum á starfsemi og verkefnum
- Að vera sjónarhóll, byggja brýr og skapa möguleika á samstarfsverkefnum

2. Skilgreining bakhjarls

Bakhjarl klasans er einn af helstu samstarfsaðilum hans. Merki (lógó) bakhjarls verður sýnilegt á heimasíðu klasans, samfélagsmiðlum ofl., nema annars sé óskað. Bakhjarl getur sett fram hugmyndir eða tillögur að verkefnum sem klasinn tekur síðan ákvörðun um hvort/hvernig fylgja skuli eftir. Þegar svo ber undir, yrði það hlutverk klasans að kynna hugmyndirnar/tillögurnar fyrir frumkvöðlum og fyrirtækjum sem lagt gætu hönd á plóginn og leiða þau saman. Bakhjarl getur þannig hlutast til á virkann hátt um starfsemi klasans. Bakhjarl styður klasann og á samstarf skv. samkomulagi. Sjá grein 3.

3. Stuðningur og samstarf

Samband íslenskra sveitarfélaga sem bakhjarl styður við markmið klasans og á í samstarfi m.a. við að draga út vistspori fæðuframleiðslu með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi, stuðla að byggðafestu, efla mótun frumkvöðla- og nýsköpunar þekkingar á meðal ungmenna. Bakhjarl veitir, eftir atvikum, ráðgjöf sem tengist starfsemi klasans og tilnefnir sambandsaðila. [Hér mætti gjarnan setja meira, t.d. varðandi áherslur ykkar sem tengjast markmiðum klasans. Endilega bæta inn og breyta eftir behag].

4. Gildistími, uppsögn og breytingar

Samningur þessi gildir frá 30.01.2024 og gildir í fjögur ár, þ.e. til 30.1.2028. Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara. Um mitt ár 2027 skulu aðilar fara yfir árangur samstarfsins og endurmeta samninginn.

Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samninginn á samningstímanum skulu gerðar skriflega og vera samþykktar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

5. Almenn ákvæði

Verði ágreiningur milli aðila í tengslum við samning þennan, skulu þeir leitast við að leysa þann ágreining með samkomulagi sín í milli. Náist slíkt samkomulag ekki, er hvorum aðila um sig heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum aðila, og skal hvort þeirra um sig teljast fullgilt frumrit samningsins.

Tengiliður Íslenska fæðuklasans: Ingibjörg Davíðsdóttir, <mailto:icelandicfoodcluster@gmail.com>
Tengiliður Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Reykjavík, xx. janúar 2024

Ingibjörg Davíðsdóttir
F.h. Íslenska fæðuklasans ehf